

## 6. fundur NOS

kjörtímabilið 2014 – 2018, haldinn á Hótel Flúðum,  
föstudaginn 10. apríl 2015 kl. 13:55

**Mætt:** Aldís Hafsteinsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason, Ragnar Magnússon, Jón G. Valgeirsson, Helgi Kjartansson, Ingibjörg Harðardóttir, Árni Eiríksson og Sveinn Steinarsson.

### 1. Sálfræðingur.

Aldís Hafsteinsdóttir sagði frá að auglýst hefði verið eftir sálfræðingi í 50% stöðu en enginn hafi sótt um. Forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustunnar leggur til að auglýst verði eftir sálfræðingi í 100% stöðu, 80% sem nýtast myndu skólaþjónustunni og 20% fyrir velferðarþjónustuna. Hægt væri að útfæra 20% hluta velferðarþjónustunnar þannig að hvert sveitarfélag greiði fyrir sína þjónustu innan viðkomandi félagsþjónustu. Forstöðumaður telur að þessi leið yrði ódýrari fyrir sveitarfélögin en núverandi verktakaþjónusta sálfræðinga.

NOS leggur til við sveitarfélögin að samþykkt verði að auglýsa eftir sálfræðingi í 100% stöðu.

### 2. Húsnæðismál skólaþjónustunnar.

Komið hefur fram ósk frá starfsmönnum Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls um sameiginlega starfsstöð. Lagt var upp með í byrjun þjónustunnar að hafa starfsstöðvarnar dreifðar um svæðið en starfsmönnum þykir það ekki skila sér sem skildi. Flest mál þjónustunnar eru í Hveragerði og Ölfusi og því er minnstur akstur sé aðal starfsstöð á því svæði. Í Sunnumörk í Hveragerði er laust rými við hlið bæjarskrifstofunnar og hefur komið tilboð frá Reitum fasteignafélagi hf. um leigu á því rými í 10 mánuði með möguleika á framlengingu. Hver fm<sup>2</sup> kostar 1.100 kr. og yrði greitt fyrir 65 fm<sup>2</sup>. Árlegur aukinn kostnaður sveitarfélaganna yrði ca. kr. 700.000,- á ári að teknu tilliti til þess að í dag er Skóla- og velferðarþjónustan að greiða sveitarfélögunum kr. 300.000,- fyrir hverja starfsstöð.

Með þessu móti yrðu allir starfsmenn með starfsstöðvar sínar á einum stað eins og þær hafa óskað eftir.

NOS samþykkir að fela Maríu og formanni að fara betur yfir þetta mál á aðalfundi byggðasamlagsins.

### 3. Gerður G. Óskarsdóttir.

Stjórn samþykkir að fá Gerði G. Óskarsdóttur til að taka út stöðu skólaþjónustunnar miðað við þá stefnu sem lögð var í upphafi enda er gert ráð fyrir því í fjarhagsáætlun ársins.

#### **4. Aukafundur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings.**

Rætt var um tímasetningu aukafundar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings og var ákveðið að hann verði haldinn fimmtudaginn 30. apríl n.k. kl. 15:00 að Borg í Grímsnesi, í beinu framhaldi af upplýsingafundi Þjónustusvæðis um málefni fatlaðs fólks.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:45  
Ingibjörg Harðardóttir, fundarritari